

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

896. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. febrúar 2016 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Ingimar Sigurðsson varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs Skúli Húnn Hilmarsson** mætir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni framkvæmdasviðs. Verið er að ljúka undirbúningi við útreikninga á heimæðargjöldum vegna framkvæmda í Víðidal. Unnið er að viðhaldi og frágangi dæluhúss hitaveitu á Laugarbakka, skipta þarf út dælugrind elstu lagna, og uppsetningu á skjámynda og skráningakerfi. Fundir eru með forstöðumönnum um framkvæmdir á árinu skv. fjárhagsáætlun. Undirbúningur útboðsgagna fyrir lagningu ljósleiðara utan hitaveitu, þá kannski og ef fjármagn fæst til framkvæmda, er langt kominn. Uppsetning orkumæla er hafin í þéttbýli og útreikningar fyrir gjaldskrábreytingar eru vel á vel komnar. Útrásin við Selasetrið verður kláruð þegar frost fer úr jörðu.
2. **Lagt fram til kynningar bréf Ferðamálastofu dags 18. janúar sl.** Breyting á starfsreglum varðandi úthlutun styrkja úr sjóðnum.
3. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands frá 18. janúar sl.**
4. **1601078 Lagt fram bréf Sýslumannsins** þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007, svo og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007. Pétur Þ. Pétursson f.h. Löngufitjar ehf. sækir um að reka gististað í flokki V í Hótel Laugarbakka. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra
5. **Lögð fram drög að reglum um húsaleigustyrk til námsmanna á framhaldsskólastigi.** Byggðarráð samþykkir framlögð drög og felur sveitarstjóra að auglýsa reglurnar.
6. **Lagt fram minnisblað frá Ríkiskaupum. Efnisútboð vegna hitaveituframkvæmda.** Efnisútboð vegna hitaveituframkvæmda voru opnuð þann 27. janúar sl. Tilboð eru svohljóðandi:

Nafn bjóðanda	Isoplus Fjervarmeteknik A/S	Set ehf.	Logstor A/S	Kostnaðaráætlun
Heildartilboð í stálrör og fylgihluti	491.253	464.481	434.101	594.140
Heildartilboð í PEX plaströr og fylgihluti	390.841	348.103	402.494	436.780

Hagstæðast m.v. matsforsendur útboðslýsingar er tilboð Set ehf í pexrör og tilboð Logstor A/S ehf. í stálrör.

Byggðarráð leggur til að lægstu tilboðunum sé tekið.

7. **Lögð fram til kynningar útdráttur úr meistaraverkefni Auðar Örnú Oddgeirsdóttur „Koma tímar koma ráð.“** Hugmyndir um framtíðarhlutverk félagsheimilanna í Húnaþingi vestra.
8. **1602002 Lagt fram bréf Farskólans dags. 1. febrúar sl.** Kynning á verkefninu „Fræðslustjóri að láni“. Sveitarstjóra falið að óska eftir aðkomu að verkefninu.
9. **1601103 Lagt fram aðalfundarboð Landssambands landeigenda sem haldinn verður á Hótel Sögu** 18. febrúar nk. kl. 13:15. Byggðarráð tilnefnir sveitarstjóra sem fulltrúa á fundinn og oddvita til vara.
10. **Úthlutun leiguíbúðar að Kirkjuvegi 10 á Hvammstanga**
Byggðarráð samþykkir að leigja Sólveigu Huldu Benjamínsdóttur íbúðina að Kirkjuvegi 10.

Samþykkt að taka á dagskrá:

11. **Staðsetning næsta fundar sveitarstjórnar þann 11. febrúar nk.**
Sveitarstjóra falið að kanna möguleikann á að halda fundinn í Víðihlíð.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:17

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Ingimar Sigurðsson

Guðný Hrund Karlsdóttir